



## Verklagsreglur fyrir umhverfisátak Norðurþings

### Starfsmenn umhverfisátaks

#### Ábyrgð og yfirstjórn:

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

#### Framkvæmd og effirfylgni:

Þjónustumiðstöðvar á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

#### Auglýsingar og kynningar:

Sveitarstjóri, sviðsstjóri, þjónustuver, atvinnu- og samfélagsfulltrúar austan Tjörness.

### Markmið

- Að fegra umhverfi, bæta ásýnd og auka staðarstolt
- Að fyrirtæki bæti umgengni og virði lóðamörk þar sem það á við
- Að koma reglu á notkun gáma og hvetja til umsóknar á stöðuleyfum fyrir lausafjármuni s.s. gáma, báta, bátagrindur o.fl.

### Umhverfisverðlaun eru veitt í effirtöldum flokkum:

- Snyrtilegasta býlið
- Snyrtilegasta lóð fyrirtækis/stofnunar
- Plokkari ársins
- Snyrtilegasta lóðin

### Íbúasamráð – val á vinningshöfum og veiting viðurkenninga

- Um miðjan júní er auglýst eftir tillögum frá íbúum um hvaða fyrirtæki/stofnun, einstaklingar, býli og plokkari verðskuldi viðurkenningu. Tillögunum skal fylgja rökstuðningur og myndir. Skila skal tillögum inn í ábendingagátt sveitarfélagsins fyrir 1. júlí ár hvert.
- Skipulags- og framkvæmdaráð vinnur úr innkomnum tillögum og skal eigi síðar en 15. júlí taka ákvörðun um hver af þeim sem tilnefnd eru í hverjum flokki hljóti verðlaun.
- Verðlaunaafhending er hluti af dagskrá Mærudaga og fer fram á stóra sviðinu á auglýstum tíma á laugardeginum.

## Tímalína umhverfisátaks:

### Apríl

- Staðfesting á verklagsreglum og fyrirhugaðri framkvæmd í SF ráði.
- Átakið auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og samfélagsmiðlum.
- Framkvæmdasvið lýkur útfærslu á átakinu, hvar verði settir upp gámar og hvernig söfnun verður háttað af hálfu sveitarfélagsins og slíkt.
- Framkvæmdasvið sendir bréf á fyrirtæki, býli og lóðarhafa þar sem tiltektar er sérstaklega þörf.
- Sendur póstur á stofnanir sveitarfélagsins með hvatningu um að vera til fyrirmyndar.
- Framleiðsla verðlaunaskilta sett í ferli.

### Maí

- Hreinsunarvika auglýst vel með góðum fyrirvara.
- Sendur póstur á félagasamtök sem eru með opin svæði í fóstri.
- Ýtt við þeim fyrirtækjum sem fengu bréf í apríl með símtali og samtali.
- Á heimasíðu áminning til íbúa um almenna þátttöku.

### Júní

- Byrjun júní, ítrekunarbréf á lóðarhafa sem ekki hafa brugðist við.
- Um miðjan júní – auglýsa eftir tillögum frá íbúum um hverjir skuli hljóta viðurkenningu
- Á heimasíðu – ítrekun á fegrun umhverfis
- Fyrir 17. júní skuli stofnanir sveitarfélagsins hafa klárað sína hreinsun
- Fyrir 17. júní skal lokið fyrstu fegrun opinna svæða í sveitarfélaginu.

### Júlí

- Skipulags- og framkvæmdaráð velur verðlaunahafa m.t.t. tilnefninga frá íbúum.
- Verðlaun afhent á Mærudögum af formanni skipulags- og framkvæmdaráðs.
- Frétt á heimasíðu og á heimafrömiðla um handhafa verðlauna.

Samþykkt í skipulags- og framkvæmdaráði 8. apríl 2025.





**Norðurþing**

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)



**Norðurþing**

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)



**Norðurþing**

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)